

Kæru félagar,

Ég heiti Nína María Hauksdóttir og býð mig fram til starfa í stjórn Spretts.

Ég hef stundað hestamennsku með móður minni, Guðrúnu Elínu og fjölskyldu frá því ég var barn og stundað hestamennsku á félagsvæði Spretts í tæpan áratug. Ég hef brennandi áhuga á hestamennsku og mín mesta gleði felst í því að temja og þjálfa ung hross í keppni og kynbótasýningar, fara í hestaferð á sumrin með vinum mínum og stússast í kringum mína litlu hrossaræktun.

Ég er menntaður rekstrarverkfræðingur og starfa sem verkefnastjóri hjá alþjóðlega ráðgjafarfyrtækinu COWI sem sérhæfir sig í bygginga- og mannvirkjagerð. Ég hef gaman af því að vinna með fólki og bý yfir góðri samskiptahæfni.

Mig langar að taka þátt í uppbyggingu á svæðinu og tel að mínir styrkleikar geta nýst í skipulagningu og við framkvæmdir. Mig langar að halda áfram að styrkja fjárhagslegan stöðuleika félagsins en fyrst og fremst að halda áfram að efla okkar frábæra félagsfólk og að fólki líði vel í félaginu.

Ég er tilbúin að leggja mig alla fram við að efla Hestamannafélagið Sprett og leitast ég því eftir ykkar stuðningi á komandi aðalfundi.

Kveðja,

Nína María

